

Hverfisráð Kelduhverfis

Fundargerð

8. fundur, haldinn á Víkingavatni þriðjudaginn 27. ágúst 2019 kl. 20:30. Mætt eru Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Guðríður Baldvinsdóttir, Salbjörg Matthíasdóttir og Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir.

Dagskrá:

1. Skipun nýs hverfisráðs, þar eð skipunartími núverandi hverfisráðs er á enda runninn.

Engar tilnefningar eða framboð bárust í kjölfar auglýsingar Norðurþings. Hverfisráð leitaði til íbúa Kelduhverfis um tilnefningar. Samdóma álit fráfarandi Hverfisráðs er að best fari á að sem flestir íbúar sveitarinnar fái tækifæri til að starfa í Hverfisráði og að skipta beri reglulega um fulltrúa.

Hverfisráð tilnefnir því eftirfarandi aðila:

Aðalmenn:

*Guðmundur Ögmundsson, Ási
Sigrún Björg Víkingur, Austurgarði
Jóhannes Guðmundsson, Fjöllum 2*

Varamenn:

*Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Víkingavatni 1
Guðríður Baldvinsdóttir, Lóni 2*

2. Sorphirða í Kelduhverfi

Hverfisráð Kelduhverfis ítrekar ósk sína, sem kom í fundargerð hverfisráðs 27. maí sl., um lífrænan úrgang og heimajarðgerð. Ennfremur viljum við benda sveitarstjórn á að flokkunartunnur, sem í allra síðasta lagi áttu að koma í júní sl., eru ekki enn komnar. Hvetur hverfisráð sveitarfélagið á að hrinda þessu í framkvæmd sem allra fyrst.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:40

*Aðalsteinn Örn Snæþórsson
Guðmundur Baldvinsdóttir
Salbjörg Matthíasd
Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir*